

Enska 9. bekkur

Haust 2018 – Vor 2019

Kennari

Nelita Vasconcellos

Email

nelita@dju pivogur.is

Staðsetning og klukkustundir

Grunnskóli Djúpavogs, Mán – Fös 8:00 – 16:00

Tungumál er eitt mikilvægasta tæki mannsins til að orða hugsun sína, afla sér þekkingar og eiga samskipti við aðra. Kunnátta í ólíkum tungumálum gegnir mikilvægu hlutverki í vitsmunabroska einstaklingsins, eykur víðsýni og stuðlar að þroska á öðrum sviðum" (Aðalnámskrá grunnskóla 2013, bls.122).

Markmið

Að nemendur...

- ✓ skilji efni tengt daglegu lífi þegar talað er skýrt, t.d. um líf jafnaldra í enskumælandi löndum
- ✓ skilji aðalatriði í frásögn og samtali tveggja, geti fylgt nokkuð nákvæmum leiðbeiningum og upplýsingum og geti fylgt meginþræði í myndmiðlaefni sem tengist áhugasviði
- ✓ geti lesið sér til gagns og gamans margs konar léttari texta, t.d. í tímaritum, einfaldaðar smásögur og styttri skáldsögur og greint aðalatriði frá aukaatriðum
- ✓ skilji lykilatriði í aðgengilegu fjölmiðlaefni, geti lesið nákvæmlega eða hraðlesið eftir þörfum og geti fundið og skilið leiðbeiningar og upplýsingar um það sem snertir daglegt líf, t.d. tómsundur og ferðalög
- ✓ geti tjáð sig um, átt samskipti og skipst á upplýsingum um það sem snertir nánasta umhverfi og daglegt líf
- ✓ Kunni einfaldar málfræðireglur og geti beitt þeim.
- ✓ geti rætt um viðfangsefni sem hann hefur kynnt sér, sett fram skoðun á skýran hátt og notað málið við ýmsar aðstæður, t.d. látið í ljós ánægju og skipst á skoðunum við aðra á viðeigandi hátt
- ✓ geti sagt frá og lýst atburðum og athöfnum, sagt skilmerkilega frá því sem hann hefur lesið eða heyrt og flutt einfalda, undirbúna kynningu
- ✓ geti skrifað stuttan samfelldan texta eftir fyrirmælum á tiltölulega réttu máli (t.d. stuttar sögur, endursagnir og dagbókarbrot)
- ✓ geti lýst eigin reynslu, samskiptum, tilfinningum og tengslum við aðra á einfaldan hátt og tjáð sig um það sem hann hefur horft á, lesið eða heyrt um
- ✓ geti notað algengustu tengiorð til að lýsa atburðarás t.d. first, then, later og kunni að nýta sér leiðréttingarforrit og orðabækur

Námsmat

- ➔ Notast er við fjölbreytt námsmat svo sem leiðsagnarmat, símat og stöðumat; og endurspeglar stöðu nemenda í fjórum færniþáttum tungumálsins (hlustun, tali, lestur og ritun) gagnvart markmiðum skólanámskrár eða einstaklingsnámskrár:
 - ✓ Hlustun: hlustunarverkefni og próf
 - ✓ Talað mál: munnleg próf, kynningar, upplestur, endursögn
 - ✓ Lestur: lesskilningsverkefni og próf, kjörbókalestur og endursögn
 - ✓ Ritun og málfræði: málfræði- og ritunarverkefni tengd námsefni

Hæfniviðmið

Samkvæmt þrepamarkmiðum/skólamarkmiðum í enskukennslu fyrir nemendur í 9.bekk er lögð áhersla á:

➤ Hlustun

- ✓ tileinkað sér aðalatriði úr kynni íngum og frásögnum sem eru innan áhuga-, náms- og þekkingarsviðs hans og brugðist við efni þeirra, sagt frá, unnið úr eða nýtt sér á annan hátt,
- ✓ án vandkvæða fylgst með aðgengilegu efni í fjöl- og myndmiðlum sér til gagns og ánægju, sagt frá og unnið úr,
- ✓ hlustað eftir nákvæmum upplýsingum, valið úr þær sem við á og brugðist við eða unnið úr þeim..

➤ Lesskilningur

- ✓ aflað sér upplýsinga úr texta, greint aðalatriði frá aukaatriðum, gert sér grein fyrir helstu niðurstöðum og nýtt sér í verkefnavinnu,
- ✓ lesið sér til fróðleiks rauntexa, t.d. úr dagblöðum, tímaritum og netmiðlum sem fjalla um efni er varðar líf hans, aðstæður eða umhverfi, brugðist við efni þeirra, sagt frá eða unnið úr á annan hátt,
- ✓ lesið sér til gagns, ánægju og þroska smásögur og skáldsögur ætlaðar ungu fólki og myndað sér skoðanir á efni þeirra og lesið og tileinkað sér efni sem tengist öðrum námsgreinum og hugtök sem tengjast þeim og nýtt í nýju samhengi.

➤ Samskipti

- ✓ tekið þátt í óformlegu spjalli um daginn og veginn um efni sem hann er vel heima í
- ✓ tekist á við margs konar aðstæður í almennum samskiptum, t.d. miðlað og tekið á móti upplýsingum á ferðalögum, sem gestgjafi eða í netsamskiptum,
- ✓ tekið þátt í skoðanaskiptum, fært einföld rök fyrir máli sínu og tekið tillit til sjónarmiða viðmælanda.

➤ Frásögn

- ✓ tjáð sig skipulega með undirbúið eða óundirbúið efni sem hann þekkir, hefur hlustað á, lesið um eða unnið með í námi sínu, sagt skoðun sína á því og brugðist við spurningum,
- ✓ flutt stutta frásögn eða kynni um undirbúið efni blaðalaust og af nokkru öryggi,
- ✓ samið, æft og flutt frumsamið efni, t.d. stutt atriði eða sögu, einn eða í félagi við aðra.

➤ Ritun

- ✓ skrifað ýmsar gerðir af textum, bæði formlega og óformlega og hagað orðum sínum með lesanda í huga og í samræmi við inntak og tilgang með skrifunum,
- ✓ skrifað um eða brugðist skilmerkilega við því sem hann hefur hlustað á, séð eða lesið og fylgt ákveðnu formi textagerðar þar sem það á við,
- ✓ tjáð sig um skoðanir sínar, tilfinningar, reynslu og þekkingu,
- ✓ leikið sér með málið og látið sköpunargáfuna og ímyndunaraflíð njóta sín.

➤ Menningarläsi

- ✓ sýnt fram á að hann þekkir nokkuð til innri samfélagsgerðar, hvað einkennir þjóðfélagið og það sem er efst á baugi hverju sinni,
- ✓ sýnt fram á að hann kann nokkur deili á fjölbreyttum uppruna þegnanna á viðkomandi málsvæði og gerir sér grein fyrir takmörkunum staðalmynda og áhrifum fordóma,
- ✓ getur greint á milli helstu afbrigða tungumálsins, t.d. hvað er danska, norska, sænska, færeyska, skoska, ameríska.

➤ Náms hæfni

- ✓ beitt margvíslegum námsaðferðum sem geta komið að gagni í náminu og veit hvenær þær eiga við, t.d. nýtt sér samhengi í texta eða aðstæðum til að geta sér til um merkingu orða,
 - ✓ beitt á raunsæjan hátt sjálfs mati og jafningjamati í tengslum við viðfangsefni námsins og veitt sanngjarna endurgjöf,
 - ✓ nýtt sér reynslu sína og þekkingu til að skapa nýja þekkingu og nota í nýju samhengi,
 - ✓ unnið sjálfstætt, með öðrum og undir leiðsögn og tekið tillit til þess sem aðrir hafa til málanna að leggja,
 - ✓ nýtt sér öll helstu hjálpartæki, s.s. itarefni, efni úr fjölmiðlum, orðabækur, veforðasöfn, leiðréttingarforrit, tungumálaforrit og leitarforrit og umgengist þau af gagnrýni.
-

Námsefnið

- Spotlight 9 – Nemendabók og vinubók + nemendamappa með ljósritum frá kennara
- Annað efni (efni á netmiðlum, ýmis verkefni frá kennara, kvikmyndir/þættir, tónlist, tölvuforrit o.fl)

Kennsluaðferðir: Innlögn kennara, hlustun, umræður, einstaklingsvinna, para- og hópavinna. Kennslan fer fram á ensku.

Kennslustundir: 4 x 40 mínútna kennslustund á viku.

Kennsluáætlun (Kennsluáætlun er birt með fyrirvara um breytingar)

Tímabil	Námspáttur/Námsefni	Verkefni
Haust 2018	➤ Kynning á námsefni	➤ les- og vinnubók frá kennara
	➤ Society and Us – Crime and Punishment	➤ Myndbönd og hlustun tengd námsefni ásamt aukanámsefni frá kennaranum „The Cyberbully“
	➤ Internet Safety - Cyberbullying	
	➤ Teen World – Peer Pressure	➤ Myndbönd TED-talks: “Rethink Before You Type” eftir Trisha Prabhu
	➤ Times Past – Ups and Downs of the Human Race	➤ Myndbönd og hlustun tengd námsefni ásamt aukanámsefni frá kennaranum (stutt myndbönd) TED-talks: „You’ve got to find what you love“; „8 Secrets of Success“
	➤ What Lies Ahead – Jobs in the Future	
	➤ The Big Time: Success, Fame and Fortune	
	➤ Taking Care of Yourself	
	➤ A Sense of Fear – The Truth about Feeling Afraid	➤ Myndbönd og hlustun tengd námsefni ásamt aukanámsefni frá kennaranum (stutt myndbönd) TED-talk: „How Do You Define Yourself?“ og „Reading Minds Through Body Language“
	➤ Communication: Body Language	
➤ Time to Celebrate – Holidays		
Vorönn 2019	➤ The Last Word – The History of English	➤ Hópverkefni Nemendur vinna í litlum hópum og búa til kynningu um bók “Very British Problems”
	➤ Living in the Extreme –Into the Wild	
	➤ Off to see the World: Growing Up	➤ Ritunarverkefni: “A person I admire/My role model”
	➤ Media Mania – Interview with a Celebrity	➤ Hópverkefni – myndbandsgerð “Talk Show. Interview with a celebrity”
	➤ Bókin “White Fang” eða “The Call of the Wild” eftir Jack London.	Nemendur skipta sér í hópa (3-5 í hverjum hóp) og búa til myndbönd / spjallþáttur.
	➤ Global Concerns : Weather and Environmental Problems; Animal Habitats; Endangered Species	➤ Verkefni tengd bókinni og myndböndum
		➤ Ritunaverkefni (opinion essay)
		➤ les- og vinnubók frá kennara
	➤ Time for a Change - South Africa – Before I die – Nelson Mandela	➤ Myndbönd og hlustun tengd námsefni ásamt aukanámsefni frá kennaranum „Mandela – Long Walk to Freedom“
		➤ sjálfsmat / jafningjamat / kennaramat

Annað

Í Aðalnámskrá grunnskóla má finna bæði hæfniviðmið og matsviðmið fyrir erlend tungumál:

<http://www.menntamalaraduneyti.is/utgefid-efni/namskrar/adalnamskra-grunnskola/>